

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar nr. 509/2004, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Heimilt er að endurúthluta tollkvótum hafi handhafi þeirra ekki sótt heimildabréf fyrir 31. ágúst 2005 eða lagt fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu tollkvótans, hafi tilboð ráðið úthlutun. Handhafi tollkvóta á þá ekki endurkröfurétt á ríkissjóð.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2006.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 2005.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 934/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn stk.	Verðtollur %	Magn kr./kg
0602.9095	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.07.05 - 31.12.05	2.500	30	0
0603.1009	Annars (afskorin blóm)	01.07.05 - 31.12.05	125.000	30	0

2. gr.

Ný 4. gr. orðist svo:

Heimilt er að endurúthluta tollkvótum hafi handhafi þeirra ekki sótt heimildabréf fyrir 31. ágúst 2005 eða lagt fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu tollkvótans, hafi tilboð ráðið úthlutun. Handhafi tollkvóta á þá ekki endurkröfurétt á ríkissjóð.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 2005.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um bann við kolmunnaveiðum vestan Þórsbanka.

1. gr.

Frá og með 1. júní 2005, eru allar veiðar á kolmunna bannaðar út af Suðausturlandi á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 04'60 N – 12° 52'80 V
2. 64° 21'70 N – 12° 17'30 V
3. 64° 32'30 N – 11° 41'00 V
4. 64° 33'00 N – 11° 30'00 V
5. 64° 10'00 N – 12° 09'00 V
6. 63° 03'60 N – 12° 09'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. maí 2005.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.